

Reglugjörð

fyrir forðagæslumenn í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera 2 forðagæslumenn.

2. gr.

Forðagæslumenn skulu koma á hvert heimili í hreppnum á tímabilinu frá 1.—15. nóv. Skulu þeir rannsaka fódurbirgðir og húsakynni fyrir búpening, grenslast eftir skepnufjölda af hverri tegund og segja álit sitt um, hversu mikinn fjenað megi setja á. Svo skulu þeir og, ef þurfa þykir, áminna um, að vel sje gengið að fódurbirgðum.

Síðari eftirlitsferð sína skulu forðagæslumenn fara á tímabilinu frá 1.—15. apríl; skulu þeir þá vandlega grenslast eftir, hvort fyrirmælum þeirra og ráðleggingum hefir verið fylgt að því er snertir fjenaðarfjölda, er settur hefir verið á vetur, og meðferð á honum. Einnig skulu þeir athuga fyrningar heys og gera áætlun um þær. Loks skulu þeir, ef ástæða er til, áminna um, að svo sje gengið frá heyfyrningum, að þær skemmist ekki yfir sumarið.

Komist heimili í þröng sakir fódurskortis, hafa forðagæslumenn nákvæmt eftirlit með því í tæka tíð.

3. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

4. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í partil gerða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða visari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

5. gr.

Skylt er forðagæslumönnum að gefa hverjum búanda ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu. Á hverju vori skulu þeir að aflokinni eftir-

litsferð einnig gefa hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um hverja tegund búpenings sjerstaklega, fóðrun og hirðing. Aðaleinkunn færast í þartilgerðan dálk, og felist í henni einkunnir fyrir allar tegundir búpenings. Einkunnirnar eru þessar: ágætlega = 6, vel = 5, sæmilega = 4, laklega = 3, illa = 2, afarilla = 1. Skulu þeir þvínæst senda sýslumanni uppúr fardögum aðalskýrslu fyrir næstliðið fardagaár, og sje hún samkvæm aðalbókinni. Á næstu vorhreppskilapöngum skulu forðagæslumenn lesa uppúr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppskilapöngum. **116** 22. okt.

6. gr.

Forðagæslumenn eiga aðgang að oddvita sýslunefndar með forðagæslubókina og eyðublöð undir skoðunarskýrslur; bókin er landseign og sendist Landskjalasafninu, þá er hún er fullskrifuð fyrir nokkru, eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

7. gr.

Forðagæslumenn eru skyldir, ef búpeningur einhvers búanda er í slæmu standi, eða líkur til að skepnurnar kunni að liða eða falla af fóðurskorti, að hvetja hann þá til þess, annaðhvort að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga af búpeningi sínum.

Vilji búandi ekki fara að ráðum forðagæslumanna, skulu þeir tafarlaust skýra hreppstjórum frá málavöxtum.

8. gr.

Komist forðagæslumenn að því, að fjenaður verði horaður, eða falli úr hor, vegna fóðurskorts, hirðuleysis, eða harðýðgis þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, skulu þeir tafarlaust tilkynna það hreppstjóra.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—100 kr., nema hærrí hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Með mál, er rísa útaf reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. oktbr 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson,

Jón Hermannsson.